

## Ráðstefnustjóri

Það var vel við hæfi að Ferðamálaráð Íslands hafði forgöngu um að halda jafn yfirgripsmikla ráðstefnu og þessi er.

En umhverfismál, umhverfshugsun í ferðaþjónustu er ekki löngu tilkomin og ekki sjálfgefið að allir viðkomandi séu fúsir til að tileinka sér þessa hugsun.

Þróun í umhverfismálum er löng leið. Hér hefur verið rætt um aðkomu stjórnvalda, samfélög innan ríkja og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Sitt sýnist hverjum um æskilega aðkomu almennt.

Það hefur þó sýnt sig að drifkrafturinn hlýtur að vera fyrirtækin í ferðaþjónustu og þeirra næsta stjórnvald.

Eins og fram kom í erindi Hr. Yunis verður að gera kröfu til æðstu stjórnvalda til að stuðla að æskilegu umhverfi fyrir fyrirtækin frá sjónarhorni sjálfbærrar þróunar.

Hann leggur ríka áherslu á að ferðaþjónusta verði viðurkennd sem sjálfbær atvinnugrein og litið verði á hana út frá sjónarhóli umhverfisverndar, félagslegra þátta, efnahagsmála og menningar. Sé þetta ekki gert náí ferðaþjónustan ekki að blómstra til langs tíma.

Hann leggur áherslu á hlutverk og mikilvægi stjórnvalda í því að skapa rétta umgjörð fyrir umhverfissvæna þjónustu. Einkaaðilar skipti þar vissulega máli en stjórnvöld geti ekki verið stikkfrí.

Stjórnvöld móti sér stefnu í umhverfismálum, sveitarfélögin og fyrirtækin sjálf. Hr. Yunis benti á margar leiðir til að ná settu marki, hvað væri nauðsynlegt, hvernig WTO kæmi að málaflokknum o.s.frv.

Magnús Oddson gerði að umræðuefni enn víðara samhengi í umhverfismálum. Það hljóti að falla undir okkar framtíðarsýn að stefna að þessu heildarsamhengi, ekki síst með tilliti til samkeppnishæfni Íslands sem áfangastaðar. Við erum í stöðugri og harðnandi samkeppni við önnur lönd í ferðaþjónustu.

Ég skila til ráðstefnuhaldara öllum þeim punktum sem ég hef skráð en nefni aðeins nokkra.

### **Einar Kr. Guðfinnsson form. Ferðamálaráðs**

- Ferðamálaráð hefur staðið fyrir rannsóknum á þolmörkum ferðamannastaða.
- Veitt styrkjum til úrbóta í umhverfismálum
- Áhugi ferðamana er náttúran

Í niðurstöðum Stefáns Gíslasonar segir hann:

Umhverfisstarf er nauðsynlegt fyrir framtíðina, komandi kynslóðir og fyrir fjárhagslega afkomu.

Óháð vottun er nauðsynleg til að tryggja trúverðugleika.

Ferðaþjónustan á Íslandi getur nú valið um 6-7 mismunandi kerfi. Svanurinn hentar vel fyrir metnaðarfulla gististaði og Blómið hefur litlu við það að bæta. Green Globe 21 er aðgengilegt hverjum sem er og Bláfáninn dugur vel fyrri baðstrendur og smábátahafnir. Vottunarkerfið Tún er í boði og gæti verið áhugaverður kostur fyrir veitingastaði. ISO14001 hentar stærri aðilum og EMAS hefur litlu við það að bæta.

Hver um sig veður að velja það sem hentar best.

### **Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

Að það beri að skapa ferðaþjónustunni almenn vaxtarskyldi.

Hægt á margan hátt.

Snæfellsnes vottað ferðamannasvæði, 5 sveitarfélög.

Við erum fyrst og það er ekkert “annað sæti” og þar með höfum við skapað okkur sérstöðu.

Þetta kostar tíma og fjármuni og þessu þurfa menn að átta sig á.

Nauðsynlegt að ná pólitískri sátt um málið.

Ekki unnið nema að fast sé fylgt eftir.

Halda reglulega kynningarfundum því að fólk les ekki greinar í blöðum og skýrslur sem að sendar eru út.

Varast öfgar, “umhverfismál” hafa haft neikvæða merkingu vegna margra boða og banna.

### **Magnús Oddsson, ferðamálastjóri**

Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

Fjórir þættir nefndir í því sambandi:

- Einstök og fjölbreytt náttúra
- Umhverfisvernd
- Menning og þjóðin
- Fagmennska

Umhverfivænt land = Umhverfsvænir íbúar?  
Erum við Íslendingar umhverfsvænir?

Við erum kannski ekki hluti af þessu umhverfsvæna umhverfi við fæðingu.

Þetta kemur ekki sjálfkrafa bara við það að búa í fallegu umhverfi

Íslensk ferðaþjónusta verður að vera samkeppnishæf til framtíðar.

Við þurfum sókn á mörkuðunum en vörn gagnvart náttúrunni.

Þetta tvennt getur ekki án hvors annars verið.

Það þýðir ekki að ætla að spila upp á jafntefli.

### **Finnur Sveinsson**

Samhæfing er nauðsynleg í vistvænum innkaupum.

Aðferðafræði:

- Samvinna
- Upplýsingar og menntun

Stjórnámálamenn, innkaupafólk, opinberir starfsmenn, byrgjar.  
-Vistvæn innkaup

Vistvæn innkaup er að velja þá vöru sem uppfyllir ákveðna þörf og lágmarkar heilsu og umhverfisáhrif samnaborið við aðrar vörur sem uppfylla sömu þörf en samtímis ber sama eða lægri líftímakostnað.

### **Þorleifur Þór**

Hlutverk hagsmunaaðila:

Í meiginatriðum eru bara tvö atriði:

Hvetja

Upplýsa

Ímynd landsins byggi á hreinleika, heilsu, öryggi og fegurð landsins.

Sjálfbær ferðaþjónusta tekur til fleiri þátta eins og mannréttinda, sanngjarnra viðskipta, siðfræðilega réttum viðskiptaháttum, félagslega og umhverfislega ábyrgð.

Ekki nóg að vera bara með eitthvað eitt það verður að vera heildstæð stefna hjá fyrirtækinu.

Allt er þetta gert til að auka afraksturinn.

Að lokum var mjög upplýsandi og fróðlegt að heyra lýsingu fulltrúa 5 fyrirtækja hvernig fyrirtæki þeirra hafa kynnst og nýtt sér mismunandi umhverfisvottunarkerfi.